

Fundur fræðslunefndar í Grunnskólanum á Þórshöfn þann 15.maí 2013 kl 16.00.

Mætt voru Siggeir Stefánsson, Ólöf Arnmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Halldóra Friðbergdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Jóhanna Thorsteinsson, Halla Rún Halldórsdóttir, Kristinn Lárusson, Ingveldur Eiríksdóttir og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

- Skýrsla frá Barnabóli: Halldóra greindi frá því að leikskólinn er á „grænni grein“. Vorsýningin var 8 maí góð mæting, útskrift 5 ára barna í gær. Starfsfólk leikskólans heimsótti leikskólann á Vopnafirði og starfsfólkið þaðan kom í heimsókn hingað. Búinn að vera smá starfsmannaskortur vegna sumarleyfa og veikinda, stefnt að því að taka inn 6 börn í ágúst, og þá verða 9 á biðlista.
- Skýrsla frá Grunnskólanum á Bakkafirði. María sagði frá foreldra og nemenda skólupúlseinum og kom hann vel út. Skólaslit og leiksýning verður 24 maí, prófum er lokið. Skólaferðalög eru framundan. Bylgja hættir en hefur hug á að koma aftur eftir ár. Ein umsókn er komin vegna kennarastöðu en það á eftir að auglýsa aftur. Börnum er að fjölga og því spurning hvort ekki þurfi að gera ráðstafanir með leikskóla. Hugsanlega væri hægt að nýta skólann til þess. Næsta ár verða tvær bekkjardeildir í stað þriggja. Óskað er eftir því að skrifstofa Langanesbyggðar kanni þörf á opnun leikskóla á Bakkafirði og stofnkostnað vegna þess. Ljóst er að ýmislegt vantar af innanstokksmunum þó húsnæði sé til staðar.  
Ísfélagið gaf skólunum báðum tölvutengda smásjá.
- Skýrsla frá Grunnskólanum á Þórshöfn: Ingveldur greindi frá Nordplus verkefninu, en hingað komu nemendur frá Eistlandi og Lettlandi. Samskólaball var haldið og gekk það mjög vel. 10 bekkur fer til Svíþjóðar núna í maí og þaðan til Lettlands og 8. og 9 fara í haust. Verkefnið Landsbyggðavinir gekk mjög vel og var hugmyndin um göngustíg eftir hafnargarðinum hlutskörpust í seinni hluta verkefnisins og vann keppnina. Í fyrri hlutanum fékk Hulda Kristinsdóttir verðlaun, þannig að Þórshöfn kom út úr þessu verkefni sem sigurvegari. Fleiri góðar hugmyndir komu fram, t.d. er verið að framkvæma eina þeirra sem er hamstrahjól fyrir menn. Námsmatinu er lokið að mestu, í maí eru þemadagar og þá er lögð áhersla á Langanesið, fugla og manníf og sjómennsku fyrri ára. Búið er að bæta krökkunum upp sundtímana sem þeir misstu af þegar laugin bilaði í vetur. Mjög vel hefur gengið með sunðið í vetur eftir að krökkunum var kynjaskipt og hóparnir minnkaðir. Starfsmannamál: Um ársleyfi biðja Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir og Sigríður Klara Sigfúsdóttir. Um kennarastöður sækja : Kristín Jónsdóttir 50%, Lára Björk Sigurðardóttir 80%, Hrefna Ýr Guðjónsdóttir 100%, Ina Leverköhne 50% , Þóra Guðrún Skúladóttir 100% og Ásdís Hrönn Viðarsdóttir 100% . Skólamálaráð mælir með ráðningu þessara aðila.
- Skólinn hefur fengið 250.000 kr.styrk í þróunarverkefnið ART og verður námskeið 13-15 ágúst. Einnig 1.000.000 í verkefnið Grunnskólinn á Þórshöfn og grunnildi menntunar. Skólaskrifstofan styrkir byrjendalæsi um 350.000. Leggja á áherslur á námsleg og félagsleg markmið. Olweus verður áfram og kostar þátttaka þar ekkert. Skóladagatal næsta vetrar lagt fram til kynningar.

- Skýrsla frá tónlistarskólanum. Jóhanna greindi frá því að 35 umsóknir hafa borist fyrir næstu önn. Vortónleikarnir gengu mjög vel og var búinn til CD diskur með þeim. Kadri er þakkað sérstaklega fyrir frábært starf en hún er ráðin næsta vetur. Unnið er því hvernig kennslu verður háttað næsta vetur.
- Skólastefna Langanesbyggðar. Stöðumat sem Jóhanna er búin að taka saman lagt fram til kynningar ásamt leiðbeiningum um mótun skólastefnu í sveitarfélögum. Skólamálaráð mælir með að Ingvar Sigurgeirsson verði fenginn til að aðstoða við að móta skólastefnuna.
- Fundargerðir frá skólaráði lagðar fram.
- Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18.30